

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 21. nóvember 2013
1311006 IE

Efni: Umsögn um frv. til laga um breyt. á almennum hegningarlögum (kynvitund), 109. mál.

Með tölvubréfi dags. 5. nóvember 2013 óskaði allsherjar- og menntamálnefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (mismunun á grundvelli kynvitundar og viðbótarbókun við samning Evrópuráðsins um tölvubrot), 109. mál, þskj. 112, lþ. 143.


Jafnréttisstofa styður frumvarpið og vonar að það verði að lögum, enda stuðla fyrirhugaðar breytingar að aukinni mannréttindavernd hóps sem hefur ekki notið nægilega ríkrar verndar í íslenskum rétti. Jafnréttisstofa tekur undir þau rök sem sett eru fram fyrir breytingunum í greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu.

Um 2. gr.

Jafnréttisstofa leggur til að inn í upptalningu á þeim þáttum sem njóta refsiverndar verði bætt „kyni“ eða „kynferði“. Því miður eru þekkt dæmi hérlendis um hatursáróður gegn konum, bæði konum almennt og einstökum konum. Hatursáróður á ekki að líðast, sama hvort hann beinist gegn fólki á grundvelli kyns þess, kynvitundar eða annarra þátta sem njóta nú þegar refsiverndar í 233. gr. a í almennum hegningarlögum. Dæmi um hatursáróður gegn konum má finna á netinu, til dæmis eru upplýsingar hér: <http://www.dv.is/frettir/2012/12/12/hatursarodur-rekinn-gegn-konum-islenskri-facebook-sidu/> Einnig mál sjá upplýsingar um gagnrýni á samskiptavefinn Facebook vegna þess að þar hafi viðgengist hatursáróður gegn konum, sjá hér: <http://www.ruv.is/frett/facebook-i-samstarf-vid-feminista>

Sé óskað frekari skýringa eða upplýsinga þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur